

17. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. janúar 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta, ef unnt er, í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum, eða á annan jafntryggan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk til ekkna og barna látinna sjómanna á Íslandi. Stjórn sjóðsins er óbundin við úthlutun styrkja og er skerðing höfuðstóls heimil, ef meiri háttar sjóslys ber að höndum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa tveir menn skipaðir af félagsmálaráðherra til 4 ára í senn. Sjóðsstjórnin inni verk þetta af hendi án endurgjalds, en greiða skal útlagðan kostnað.

5. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisins og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 27. desember 1973.

Sigurður Guðgeirsson.

Snorri Jónsson.